

SAMÞYKKT

um gatnagerðargjald, byggingarleyfisgjöld, stofngjöld og önnur þjónustugjöld tengd skipulagi og framkvæmdum í Kópavogsbæ.

I. KAFLI

Byggingarleyfisgjald, stofngjald vatns- og fráveitu, og önnur afgreiðslu- og þjónustugjöld umhverfissviðs.

1. gr.

Almenn ákvæði.

Við útgáfu byggingarleyfa, stöðuleyfa, vottorða, deiliskipulagsbreytinga, framkvæmdaleyfa eða vegna annarrar þjónustu sem umhverfissvið Kópavogsbæjar veitir, skal greiða þau gjöld sem gjaldskrá þessi kveður á um.

Heimilt er að taka gjald fyrir veitta þjónustu og verkefni umhverfissviðs, m.a. fyrir undirbúning, svo sem vegna nauðsynlegrar aðkeyptrar sérfræðiþjónustu, útgáfu byggingarleyfis, útgáfu stöðuleyfa, útmælingu, eftirlit, úttektir, yfirferð hönnunargagna, breytinga á aðal- og deiliskipulagi, útgáfu framkvæmdaleyfa og vottorða sem byggingarfulltrúi lætur í té skv. lögum um mannvirki nr. 160/2010 og skipulagsfulltrúi skv. skipulagslögum nr. 123/2010.

2. gr.

Byggingarleyfisgjald.

Greiða skal byggingarleyfisgjald fyrir hverja þá framkvæmd sem byggingarleyfi er gefið út fyrir. Byggingarleyfisgjald er grunngjald að viðbættu gjaldi pr. m³ byggingar. Byggingarleyfisgjald samanstendur af afgreiðslugjaldi og rúmmetragjaldi fyrir öll hús. Afgreiðslugjald er lágmarksgjald við móttöku umsóknar og er óafturkræft þó svo að erindinu sé hafnað eða það dregið til baka.

Byggingarleyfisgjald er innheimt við útgáfu byggingarleyfis sem hér segir:

Afgreiðslugjald	16.574 kr.
Rúmmetragjald fyrir öll hús	147 kr./m ³

3. gr.

Byggingarréttargjald.

Greiða skal byggingarréttargjald af öllum lóðum innan marka Kópavogsbæjar.

Þegar lóðarhafi óskar eftir auknu byggingarmagni á þegar byggðri lóð skal greitt byggingarréttargjald fyrir umfram byggingarmagn við samþykkt byggingarleyfis.

Þegar lóðarhafi óskar eftir breytingu á notkun húsnæðis skal greitt byggingarréttargjald í samræmi við breytta notkun við samþykkt byggingarleyfis.

Byggingarréttargjald skv. 1.-3. mgr. þessarar greinar skal greitt eftir tegund húsnæðis sem hér segir:

Tegund húsnæðis:

Einbýlishús	39.669 kr./m ² húss
Raðhús, parhús, tvíbýlishús og keðjuhús	42.972 kr./m ² húss
Fjölbýli	52.889 kr./m ² húss
Fjölbýli í vesturbæ	66.112 kr./m ² húss
Atvinnuhúsnæði	18.181 kr./m ² lóðar*
Annað húsnæði	13.192 kr./m ² lóðar

* Ef samþykkt byggingarmagn atvinnuhúsnæðis er meira en fermetrastærð viðkomandi atvinnuhúsalóðar greiðist byggingarréttargjald af byggingarfermetra húss samkvæmt deiliskipulagi.

Á þróunar- og þéttingarreitum skal greiða byggingarréttargjald í samræmi við aukningu byggingarmagns á svæðinu, áður en framkvæmdir hefjast. Það sama gildir á svæðum sem ekki eru skilgreindir þróunarreitir ef aukning á byggingarmagni leiðir af sér aukna innviðauppyggingu.

4. gr.

Úttektir og útgáfa vottorða.

Vegna úttekta og útgáfu vottorða byggingarfulltrúa skal greiða gjöld sem hér segir:	
Fokheldisúttekt og fokheldisvottorð	47.596 kr.
Öryggisúttekt	47.596 kr.
Lokaúttekt og lokaúttektarvottorð:	
Einbýlishús, raðhús og tvíbýlishús	47.596 kr.
Fjölbýlishús, 5 íbúðir eða fleiri	84.786 kr.
Endurtekin lokaúttekt	23.798 kr.
Aukagjald fyrir þriðju yfirferð, eða fleiri, á gögnum frá hönnuði:	
Einbýlishús, raðhús og tvíbýlishús	15.453 kr.
Fjölbýlishús, allt að 4 íbúðum	24.104 kr.
Fjölbýlishús, 5 íbúðir eða fleiri	46.359 kr.
Atvinnuhúsnæði og annað	46.359 kr.
Afgreiðslugjald pr. áfanga- og stöðuúttekt	14.423 kr.
Veðbókarvottorð vegna niðurrifs bygginga	2.473 kr.

5. gr.

Stöðuskoðun.

Vegna stöðuskoðunar byggingarfulltrúa skal greiða gjöld sem hér segir:	
Einbýlishús, raðhús og tvíbýlishús	43.269 kr.
Fjölbýlishús, allt að 4 íbúðir	43.269 kr.
Fjölbýlishús, 5 íbúðir eða fleiri	60.164 kr.
Atvinnuhúsnæði og annað	60.164 kr.

6. gr.

Yfirferð eignaskiptasamninga og teikninga.

Greiða skal fyrir yfirferð eignaskiptasamninga og teikninga af því sem hér segir:	
Eignaskiptayfirlýsing, umfangsmikil	65.521 kr.
Eignaskiptayfirlýsing, umfangslítill - allt að 4 íbúðum	43.269 kr.
Viðaukar/fylgiskjöl með eignaskiptayfirlýsingu	15.453 kr.
Endurtekin yfirferð teikninga vegna eignaskiptayfirlýsingar (fleiri en þrjú skipti)	15.453 kr.

7. gr.

Stöðuleyfi.

Greiða skal afgreiðslu- og leyfisgjald vegna umsókna um stöðuleyfi vegna lausafjármuna, sbr. gr. 2.6.1 í byggingarreglugerð nr. 112/2012. Afgreiðslugjald er lágmarksgjald vegna móttöku umsóknar og er óafturkræft óháð afgreiðslu máls. Gjöld eru sem hér segir:

Afgreiðslugjald vegna umsóknar um stöðuleyfi	16.574 kr.
Stöðuleyfi skv. gr. 2.6 í byggingarreglugerð, 2-12 mánuðir	42.554 kr.

Ef kemur til brottflutnings á gámi eða öðrum lausafjármunum sem eru stöðuleyfisskyldir skv. gr. 2.6. í byggingarreglugerð greiðir eigandi gáms/lausafjármunar samkvæmt reikningi vörslusviptingar- aðila fyrir flutning og geymslu.

8. gr.

Tengigjald fráveitu.

Tengigjald fráveitu skal innheimta af öllum fasteignum sem eru tengdar við fráveitu í eigu Kópavogsbæjar. Skal gjaldið lagt á og innheimt við tengingu og vera sem hér segir:

Tvöföld lögn að lóðarmörkum 150 mm	475.957 kr./lóð
------------------------------------	-----------------

Gert er ráð fyrir einni tengingu á hverja lóð. Óski lóðarhafi eftir fleiri tengingum eða stærri lögn en 150 mm greiðist það skv. raunkostnaði. Við framkvæmdir í grónum hverfum þar sem tenging er ekki til staðar, aðstæður erfiðar sökum þrengsla eða lagnalegu greiðir lóðarhafi raunkostnað við tengingu við fráveitukerfi.

9. gr.

Stofngjald vatnsveitu.

Tengigjald vatnsveitu skal innheimta af öllum fasteignum sem eru tengdar við vatnsveitu í eigu Kópavogsbæjar. Miðað er við eina lögn á hvert lóðarnúmer og að ídráttarrör hafi verið lagt af umsækjanda á frostfríu dýpi frá tengistað Kópavogsbæjar að inntaksstað.

Greitt er grunngjald (32 mm heimæð) en við lagningu sverari heimæða greiðist að auki viðbótargjald. Skal gjaldið lagt á og innheimt við tengingu og vera sem hér segir:

Grunngjald - 32 mm heimæðar (ídráttarrör skal vera 50 mm)	503.239 kr.
Viðbótargjald fyrir heimæð umfram 30 m	7.414 kr. pr. metra
40 mm heimæðar – viðbótargjald á grunngjald (ídráttarrör skal vera 63 mm)	122.943 kr.
Viðbótargjald fyrir heimæð umfram 30 m	10.560 kr. pr. metra
50 mm heimæðar – viðbótargjald á grunngjald	314.562 kr.
Viðbótargjald fyrir heimæð umfram 30 m	11.691 kr. pr. metra
63 mm heimæðar – viðbótargjald á grunngjald	586.537 kr.
Viðbótargjald fyrir heimæð umfram 30 m	12.931 kr. pr. metra
90 mm heimæðar – viðbótargjald á grunngjald	1.204.663 kr.
Viðbótargjald fyrir heimæð umfram 30 m	23.426 kr. pr. metra
110 mm heimæðar – viðbótargjald á grunngjald	1.616.747 kr.
Viðbótargjald fyrir heimæð umfram 30 m	39.440 kr. pr. metra
180 mm heimæð – viðbótargjald á grunngjald	3.556.843 kr.
Viðbótargjald fyrir heimæð umfram 30 m	86.768 kr. pr. metra
Daggjald fyrir byggingarvatn	207 kr.

Um er að ræða almennt tengigjald á nýbyggingarsvæðum þar sem inntaksrými er samkvæmt skilmálum. Gjöldin bera ekki virðisaukaskatt. Stærri heimæðar en 110 mm eru gjaldfærðar samkvæmt raunkostnaði.

Við framkvæmdir á grónum svæðum og á þéttingarreitum þar sem búið er að ganga varanlega frá yfirborði eða varanlegar og fullnægjandi veitulagnir eru ekki komnar að lóðarmörkum skal umsækjandi greiða allan viðbótarkostnað. Séu gerðar breytingar á skipulagi húss frá upphaflegum samþykktum byggingarleyfisteikningum eða skipulagi skal umsækjandi greiða allan viðbótarkostnað sem af breytingum kann að hljóta. Ein tengigrind er innifalin í hverju tengigjaldi.

Byggingarvatn er ekki lagt né tengt á framkvæmdasvæði nema búið sé að greiða tengigjöld vatnsveitu.

10. gr.

Önnur afgreiðslu- og þjónustugjöld.

Greiða skal fyrir þjónustu og leyfisveitingar sem umhverfissvið Kópavogsbæjar veitir sem hér segir:

Tegund þjónustu:

Leiga á garðlöndum og skólagörðum:

Vegna umsókna um leigu á garðlöndum eða skólagörðum skal greitt afgreiðslugjald sem hér segir:

Leiga á garðlöndum	6.696 kr.
Leiga á skólagörðum	6.696 kr.
Leiga á ræktunarkassa	6.696 kr.

Afnot af bæjarlandi:

Greiða skal leigu fyrir afnot af bæjarlandi vegna framkvæmda, viðburða eða annarra sambærilegra tilvika, s.s. tímabundins reksturs. Afgreiðslugjald er lágmarksgjald vegna móttöku umsókna og er óafturkræft. Gjald skal greitt sem hér segir:

Afgreiðslugjald vegna umsókna	16.574 kr.
Leiga af bæjarlandi með lokun á einni akgrein, pr. dag í 1-6 daga	16.998 kr.
Leiga af bæjarlandi með lokun á götu, pr. dag í 1-6 daga	28.228 kr.

Leiga á bæjarlandi með lokun á götu, ein akrein eða fleiri, lengur en 6 daga	skv. samkomulagi
Leiga á bæjarlandi pr. fermetra á dag í 1-6 daga	124 kr.
Leiga á bæjarlandi pr fermetra á dag í 7 daga +	62 kr.
Leiga á bæjarlandi pr fermetra 3 mánuði eða lengur	skv. samkomulagi

Torgsöluleyfi:

Greiða skal gjald vegna torgsöluleyfa á skilgreindum sölusvæðum skv. reglum um torgsöluleyfi. Afgreiðslugjald er lágmarksgjald við móttöku umsókna og er óafturkræft. Gjald skal greitt sem hér segir:

Afgreiðslugjald	16.574 kr.
Torgsöluleyfi, gjald pr. mánuð	28.228 kr.
Torgsöluleyfi, sérstakir viðburði	68.523 kr.

Framkvæmdir á götu vegna bílastæða:

Greiða skal gjöld vegna samþykkttra framkvæmda í götu sem hér segir:

Niðurtaka á kantsteini fyrir auka bílastæði	141.139 kr.
Niðurtaka á kantsteini fyrir auka bílastæði ef færa þarf ljósastaur eða rafmagnskassa	skv. reikningi

Lóðarleigusamningar:

Greiða skal gjald vegna breytinga á gildandi lóðarleigusamningum sem hér segir:	
Gjald fyrir nýjan lóðarleigusamning, sem ekki er komin að endurnýjun	16.574 kr.
Gjald fyrir nýtt lóðar- og mæliblað vegna breytinga á deiliskipulagi	90.143 kr.
Gjald fyrir breytingu á lóðar- og mæliblaði	24.416 kr.

Önnur þjónusta:

Greiða skal gjöld fyrir eftirfarandi þjónustu sem hér segir:	
Mælingargjald (fyrir allar byggingar) / mæling á lóð, húsi og greftri	skv. reikningi
Gjald vegna stofnunar nýrrar lóðar (ný fasteign í fasteignaskrá)	skv. reikningi
Geymslugjald fyrir rafhlaupahjól sem þarf að fjarlægja af bæjarlandi	2.266 kr. pr. hjól

11. gr.

Uppreiknuð gjöld og innheimta gjalda.

Gjöld samkvæmt kafla I í samþykkt þessari miðast við byggingarvísitölu (grunnur 2009) í janúar 2025 sem uppreiknast þriðja hvern mánuð miðað við gildandi byggingarvísitölu að undanskildu byggingarréttargjaldi skv. 3. gr samþykktarinnar sem uppreiknast mánaðarlega miðað við gildandi byggingarvísitölu.

Gjöldum vegna byggingareftirlits byggingarfulltrúa fylgir lögveð í viðkomandi fasteign eða lóð og má innheimta gjaldfallin gjöld með fjárnámi, sbr. 3. mgr. 53. gr. laga um mannvirki nr. 160/2010. Vanskil á greiðslu gjalda veitir byggingarfulltrúa jafnframt heimilt til að neita útgáfu vottorða um viðkomandi mannvirki, sbr. 2. mgr. 53. gr. laga um mannvirki nr. 160/2010.

II. KAFLI

Gatnagerðargjald.

12. gr.

Almenn heimild.

Af öllum nýbyggingum og viðbyggingum við eldri byggingar, hvort sem er á eignarlóðum eða leigulóðum í Kópavogi, skal greiða gatnagerðargjald til sveitarfélagsins samkvæmt samþykkt þessari. Um gatnagerðargjald fer að öðru leyti eftir lögum um gatnagerðargjald nr. 153/2006.

13. gr.

Gjaldskylda og lögveðsréttur.

Lóðarhafi, eða byggingarleyfishafi þar sem það á við, er gjaldskyldur samkvæmt samþykkt þessari og ber ábyrgð á greiðslu gatnagerðargjalds.

Gatnagerðargjald ásamt áföllnum vöxtum og kostnaði er tryggt með lögveðsrétti í viðkomandi fasteign með forgangsrétti fyrir hverju sammingsveði og aðfararveði í tvö ár frá gjalddaga.

14. gr.

Ráðstöfun gatnagerðargjalds.

Gatnagerðargjaldi skal varið til gatnagerðar með tilheyrandi lögnum, yfirborðsfrágangi gatna, stíga og opinna svæða eins og gert er ráð fyrir í skipulagi.

15. gr.

Gjaldstofn og álagning gatnagerðargjalds.

Gatnagerðargjald skal innheimta af fasteignum í þéttbýli í samræmi við gildandi aðal- og/eða deiliskipulag á hverjum tíma. Gatnagerðargjald er tvíþætt. Annars vegar er það vegna nýbygginga og hins vegar vegna stækkunar á eldra húsnaði.

Stofn til álagningar gatnagerðargjalds er fermetrafjöldi byggingar á tiltekinni lóð. Gjaldstofninn er ákveðinn á eftirfarandi hátt:

- Þegar bæjarstjórn úthlutar eða selur lóð eða byggingarrétt á lóð skal leggja á gatnagerðargjald í samræmi við fermetrafjölda þeirra bygginga sem heimilt er að reisa á viðkomandi lóð samkvæmt gildandi deiliskipulagi.
- Verði gatnagerðargjald ekki lagt á skv. a-lið, t.d. ef land er í einkaeign, eða ef veitt er byggingarleyfi fyrir stærri byggingu en álagning skv. a-lið var upphaflega miðuð við, skal við samþykkt/útgáfu byggingarleyfis leggja á gatnagerðargjald í samræmi við fermetrafjölda þeirrar byggingar sem byggingarleyfi tekur til.

Gatnagerðargjald skal innheimt vegna stækkunar byggingar sem nemur fermetrafjölda stækkunar.

Gatnagerðargjald skal lagt á við samþykkt/útgáfu byggingarleyfis ef reist er ný og stærri bygging í stað annarrar á sömu lóð sem stækkuninni nemur í fermetrum. Gildir þessi regla um byggingar sem samþykkt er byggingarleyfi fyrir allt að fimm árum eftir að leyfi er gefið fyrir niðurrifi byggingar. Að öðrum kosti skal greiða fullt gatnagerðargjald. Ef hin nýja bygging er annarrar tegundar eða til annarrar notkunar en hið eldra húsnaði gilda ákvæði 17. gr. þessarar samþykktar er varða almenna lækkunarheimild.

Þegar veitt er byggingarleyfi fyrir endurbyggingu, breytingu eða breyttri notkun húsnaðis þannig að hún færist í hærri gjaldflokk, sbr. 16. gr. samþykktar þessarar, skal greiða gatnagerðargjald af fermetrafjölda viðkomandi húsnaðis sem svarar til mismunar hærri og lægri gjaldflokksins. Lóðarhafi, eða byggingarleyfishafi þar sem það á við, á ekki rétt á endurgreiðslu ef bygging færist í lægri gjaldflokk við slíka breytingu.

16. gr.

Útreikningur gatnagerðargjalds.

Af hverjum fermetra húss greiðist ákveðinn hundradshluti byggingarkostnaðar pr. fermetra í húsbyggingu eins og hann er hverju sinni í vísitöluhúsinu samkvæmt útreikningi Hagstofu Íslands. Gjald á fermetra er eins og hér segir:

Einbýlishús	15,0%	45.294 kr. pr. m ²
Rað-, par-, tvíbýlis- og keðjuhús	15,0%	45.294 kr. pr. m ²
Fjölbýlishús, 5 íbúðir eða fleiri	10,0%	30.196 kr. pr. m ²
Atvinnuhúsnaði, verslun og þjónusta	12,0%	36.235 kr. pr. m ²
Aðrar byggingar	12,0%	36.235 kr. pr. m ²

Flatarmál húsa, sem gatnagerðargjald er greitt af, er brúttóflatarmál viðkomandi húsbyggingar í lokunarfloknum A, að undanskildum svölum, sbr. ÍST 50.

Fjárhæðir gatnagerðargjalds breytast 1. dag hvers mánaðar í samræmi við breytingu á byggingarkostnaði vísitöluhússins samkvæmt útreikningum Hagstofu Íslands á grundvelli laga um Hagstofu Íslands og opinbera skýrslugerð nr. 163/2007.

17. gr.

Almenn lækkunarheimild.

Gatnagerðargjald skal lækka af íbúðarhúsnaði þegar svo stendur á sem hér segir:

Af kjallararymum íbúðarhúsa sem myndast þegar hagkvæmara er að grafa út grunn en fylla hann upp skal greiða 25% af fermetragjaldi viðkomandi húss, enda sé húsrýmið gluggalaust og aðeins gengt í það innan frá.

Af auknu flatarmáli íbúðarhúsa 15 ára og eldri skal ekki greiða gatnagerðargjald, enda nemi stækkunin ekki meiru en 30 m² fyrir hverja íbúð. Tilheyri stækkunin sameign fjöleignarhúss skal meta hana eins og ef um stækkun einnar íbúðar væri að ræða. Við ákvörðun gatnagerðargjalds samkvæmt þessum tölulíð skal meta í einu lagi þær stækkanir sem samþykktar hafa verið á sama húsi á næstu 5 árum á undan. Ákvæði þetta gildir einnig fyrir bílskúra, geymsluskúra og aðrar stakar byggingar á lóðum og svalaskýla íbúðarhúsa sem eru allt að 30 m² eða minni. Ef stækkun er meira en 30 m² skal greiða fullt gatnagerðargjald af því sem umfram er.

Verði breytingar á húsnæði eða notkun húsnæðis þannig að skilyrði lækkunarheimilda samkvæmt 1. og 2. mgr. þessarar greinar eru ekki lengur uppfyllt, skal greiða gatnagerðargjald af því húsnæði samkvæmt gildandi gjaldskrá að teknu tilliti til þess sem áður hefur verið greitt vegna sama húsnæðis.

18. gr.

Sérstök lækkunarheimild.

Bæjarstjórn er heimilt að lækka eða fella niður gjöld vegna sérhæfðs félagslegs húsnæðis, svo sem sambýla fyrir fatlaða, þjónustuíbúða fyrir aldraða og félagslegs leiguhúsnæðis enda sé slíkt húsnæði í eigu stofnana, félagasamtaka eða félaga sem ekki eru rekin í ágóðaskyni. Þinglýsa skal kvöð á umrætt húsnæði um að greiða skuli gatnagerðargjald af því ef það fellur af einhverjum ástæðum ekki lengur undir ákvæði þetta.

19. gr.

Gjalddagi og eindagi gatnagerðargjalds.

Við innheimtu gatnagerðargjalds skal 70% af álögðu gatnagerðargjaldi samkvæmt hámarksbyggingarmagni á lóð miðað við gildandi deiliskipulag skv. a-lið 15. gr. greitt við lóðarúthlutun, sölu lóðar eða byggingarréttar á lóð sem er í eigu Kópavogsbæjar eða hann hefur ráðstöfunarétt á. Það byggingarmagn sem samþykkt er umfram 70% af heildarbyggingarmagni á lóð miðað við gildandi deiliskipulag skv. a-lið 15. gr. skal greiðast við samþykkt byggingarleyfis.

Gatnagerðargjald sem lagt er á samkvæmt b-lið 15. gr. svo og vegna stækkunar bygginga og nýbygginga sem koma í stað eldri bygginga skv. 3. og 4. mgr. sömu greinar skal greiða við samþykkt byggingarleyfis.

Eindagi er 30 dögum eftir gjalddaga.

20. gr.

Innheimta vangreidds gatnagerðargjalds og afturköllun lóðarúthlutunar.

Gatnagerðargjald ber dráttarvexti samkvæmt ákvæðum laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu, frá gjalddaga.

Gatnagerðargjald er aðfararhæft án undangengins dóms eða stjórnvaldsúrskurðar.

Ef lóðarhafi greiðir ekki gatnagerðargjald á þeim gjalddögum sem kveðið er á um í úthlutunar- eða byggingarskilmálum er Kópavogsbæ heimilt að afturkalla úthlutun.

Sveitarstjórn skal með 30 daga fyrirvara senda lóðarhafa með sannanlegum hætti viðvörðun um hina fyrirhuguðu afturköllun áður en lóðarúthlutun er afturkölluð.

21. gr.

Endurgreiðsla gatnagerðargjalds.

Kópavogsbær endurgreiðir gatnagerðargjald innan 30 daga ef lóðarúthlutun er afturkölluð, ógilt eða lóð skilað. Sama gildir um gatnagerðargjald sem lagt hefur verið á við samþykkt byggingarleyfis, skv. b-lið 2. mgr. 15. gr. og 3. og 4. mgr. sömu greinar, en í þeim tilvikum skal endurgreiða gatnagerðargjaldið innan 30 daga frá því að byggingarleyfishafi hefur sannanlega krafist greiðslu. Við greiðsludrátt reiknast dráttarvextir á fjárhæðina samkvæmt ákvæðum laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu, frá gjalddaga.

III. KAFLI

Gjald vegna skipulagsvinnu og útgáfu framkvæmdaleyfis.

22. gr.

Almenn heimild.

Innheimta skal kostnað sem fellur til vegna vinnu við skipulagsmál eða útgáfu framkvæmdaleyfis. Gjaldskráin tekur til erinda sem koma til afgreiðslu hjá skipulagsráði og eftir atvikum á afgreiðslufundum skipulagsfulltrúa vegna útgáfu leyfa til framkvæmda, skjalagerðar, yfirlesturs gagna, auglýsinga, kynninga og allrar annarrar umsýslu og þjónustu sem skipulagsdeild Kópavogsbæjar veitir samkvæmt skipulagslögum nr. 123/2010.

Skipulagsdeild Kópavogsbæjar skal innheimta gjöld samkvæmt gjaldskrá þessari fyrir hönd bæjarstjórnar Kópavogs.

23. gr.

Skilgreiningar.

Afgreiðslugjald: Gjald sem greitt er vegna móttöku og yfirferðar erinda vegna aðalskipulags-, deiliskipulagsbreytinga eða útgáfu framkvæmdaleyfis. Gjaldið er óafturkræft þó svo að erindinu sé hafnað eða það dregið til baka.

Umsýslukostnaður: Kostnaður Kópavogsbæjar vegna afgreiðslu erindis, kynningar, birtingar auglýsinga sem og annar kostnaður vegna umsýslu erindis. Gjaldið er óafturkræft þó svo að erindinu sé hafnað eða það dregið til baka.

24. gr.

Almenn gjöld.

Innheimta skal afgreiðslugjald vegna erindis um framkvæmdaleyfi, byggingarleyfi, deiliskipulag og aðalskipulag. Afgreiðslugjaldið skal ákveða fyrir hverja tegund erindis og skal taka mið af þeirri vinnu sem almennt felst í slíku erindi. Sé þörf á að vinna skipulagsáætlun eða breytingar á henni vegna leyfisskyldra framkvæmda innheimtir bæjarstjórn gjald fyrir skipulagsvinnu sem nauðsynleg er vegna þeirrar framkvæmdar:

Afgreiðslugjald	16.574 kr.
Gjald vegna vinnu skipulagsfulltrúa við gerð lýsingar skipulagsáætlunar og/eða yfirlesturs og yfirferðar á lýsingu sem og önnur umsýsla	238.525 kr.
Umsýslugjald vegna fyrirspurna	21.501 kr.

25. gr.

Aðalskipulag.

Greiða skal gjöld vegna vinnu við aðalskipulagsbreytinga skv. 1. og 2. mgr. 36. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 sem hér segir:

Afgreiðslugjald	16.574 kr.
Gerð breytingar- og kynningaruppráttar skv. 1. mgr. 36 gr.	395.303 kr.
Kostnaður vegna óverulegra breytinga skv. 2. mgr. 36 gr.	247.484 kr.
Innheimta skal útlagðan kostnað vegna auglýsinga skipulagsáætlana skv. reikningi.	

26. gr.

Deiliskipulag – verulegar breytingar.

Greiða skal gjöld vegna vinnu við nýtt deiliskipulag eða verulegar breytingar á deiliskipulagi skv. 1. mgr. 41. gr. og 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 sem hér segir:

Afgreiðslugjald	16.574 kr.
Gerð deiliskipulags- og kynningaruppráttar	skv. reikningi
Umsýslukostnaður vegna málsmeðferðar	311.315 kr.
Innheimta skal útlagðan kostnað vegna auglýsinga skipulagsáætlana skv. reikningi.	

27. gr.

Deiliskipulag – óverulegar breytingar.

Greiða skal gjöld vegna vinnu við óverulegar breytingar á deiliskipulagi skv. 2. mgr. og 3. mgr.

43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 sem hér segir:

Afgreiðslugjald	16.574 kr.
Gerð deiliskipulags- og kynningaruppdráttar	395.303 kr.
Umsýslukostnaður vegna málsmeðferðar skv. 2. mgr.	95.186 kr.
Umsýslukostnaður vegna málsmeðferðar skv. 3. mgr.	78.389 kr.
Innheimta skal útlagðan kostnað vegna auglýsinga skipulagsáætlana skv. reikningi.	

28. gr.

Grenndarkynning á umsókn um byggingarleyfi skv. 44. gr. skipulagslaga.

Greiða skal gjöld vegna grenndarkynningar á umsókn um byggingarleyfi skv. 44. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 sem hér segir:

Afgreiðslugjald	16.574 kr.
Umsýslukostnaður vegna málsmeðferðar	95.186 kr.

29. gr.

Lækkunarheimild vegna umfangslítilla skipulagsverkefna.

Heimilt er að veita afslátt af gjöldum skv. 24.-28. gr. samþykktar þessarar ef verkefni eru umfangslítill og kostnaður óverulegur. Afgreiðslugjald er þó undanskilið þessu ákvæði. Afsláttur getur þó aldrei orðið meira en 60% af gjaldi samkvæmt gildandi gjaldskrá.

30. gr.

Framkvæmdaleyfi.

Greiða skal gjöld vegna kynningar og útgáfu framkvæmdarleyfis skv. 13. og 14. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 sem hér segir:

Afgreiðslugjald	16.574 kr.
Útgáfa framkvæmdaleyfis skv. 13. gr. skipulagslaga	103.025 kr.
Útgáfa framkvæmdaleyfis skv. 14. gr. skipulagslaga (matsskyld framkvæmd)	241.885 kr.
Innheimta skal útlagðan kostnað vegna auglýsinga framkvæmdaleyfis skv. reikningi.	

31. gr.

Gjalddagar og greiðslur.

Gjöld sem innheimt eru samkvæmt III kafla þessarar samþykktar skulu aldrei nema hærri fjárhæðar en sem nemur kostnaði við veitta þjónustu.

Afgreiðslugjald skv. III. kafla í samþykkt þessari fellur í gjalddaga við móttöku erindis og skal greitt áður en fjallað er um erindið.

Umsýslugjald vegna breytinga á aðalskipulagi eða deiliskipulagi skal greitt áður en tillaga er auglýst eða grenndarkynnt í kjölfarið á samþykkt þess efnis.

Gjald vegna útgáfu framkvæmdaleyfis skal greitt við samþykkt framkvæmdaleyfis.

Gjöld samkvæmt III. kafla samþykktar þessarar miðast við byggingarvísitölu (grunnur 2009) janúar 2025 sem uppreiknast þriðja hvern mánuð miðað við gildandi byggingarvísitölu.

IV. KAFLI

Samþykkt og gildistaka.

32. gr.

Samþykkt þessi er sett með heimild í 51. gr. laga um mannvirki nr. 160/2010, 20. gr. skipulagslaga nr. 123/2010, 12. gr. laga um gatnagerðargjald nr. 153/2006 og 11. gr. reglugerðar um sama efni nr. 543/1996, 10. gr. laga um vatnsveitur sveitarfélaga nr. 32/2004 og 15. gr. laga um byggingu og rekstur fráveitna nr. 9/2009.

Nr. 1725

17. desember 2024

Samþykktin hefur verið samþykkt í bæjarstjórn Kópavogs 26. nóvember 2024 og öðlast þegar gildi. Jafnframt fellur úr gildi samþykkt um gatnagerðargjald, byggingarleyfisgjöld, stofngjöld og önnur þjónustugjöld tengd skipulagi og framkvæmdum í Kópavogsbæ nr. 1559/2023.

Kópavogi, 17. desember 2024.

Ásdís Kristjánsdóttir bæjarstjóri.

B-deild – Útgáfudagur: 7. janúar 2025